

uppfylla framfærsluskyldu hans. Þessar 20 kr. verður því Fellshreppur að endurgjalda 85 sem nauðsynlegt fjárframlag af dvalarhreppnum, en aptur átti hann og á enn aðgang 16. sept. að Einari til að lögsækja hann til endurborgunar á þessum 20 kr., sem hann í raun og veru átti enga kröfu til gagnvart framfærsluhreppnum. Hvað meðlagið til Gísla á Búrfelli snertir, og til oddvitans, samtals 36 kr., verður heldur eigi fundin nein ástæða til að Fellshreppur geti komið hjá að endurgjalda þær, sem nauðsynlegt framlag fyrir hans hönd af Ytri-Torfastaðahreppi, og það gildir bæði um þessar 2 kröfur og um fyrrenfndar 20 kr., að mótbára Fellshrepps gegn þeim, vegna þess að tilkynning um hinn veitta sveitarstyrk hafi fyrir ranga utanáskript komið of seint til hans, verður að álitast ástæðulaus, þar sem töfin fyrir tilkynningunni, sem af þessu leiddi, engan kostnaðarauka getur álitist hafa bakað Fellshreppi.

Samkvæmt þessu staðfestist fyrnefndur úrskurður yðar, herra amtmaður, og vil jeg skora á yður að leggja fyrir hreppsnefndina í Fellshreppi að endurgjalda Ytri-Torfastaðahreppi tafarlaust þær 56 kr., sem honum eptir þessu ber að greiða hinum síðarnefnda hreppi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 86
rjett lækna skólakandidata til að fást við lækningar í Danmörku, á Færeyjum og í Græn- 17. sept.
landi. — Í tilefni af erindi nokkru er hjeradslæknir í 5 læknishjeradi Íslands Davíð Scheving Thorsteinsson hafði sent dómsmálastjórninni dönsku og þarsem hann spyrst fyrir um það, hvort hann eptir hinum gildandi lögum hafi jus practicandi í Danmörku að meðtöldum Færeyjum og Grænlandi og ef svo væri eigi, beiðist leyfis til að mega fást við lækningar á nefndum stöðum, hefur dómsmálastjórnin mælt til þess af ráðgjafanum fyrir Ísland, að hjeradslækni þessum yrði gefið til vitundar, að eptir hinum gildandi lögum hefur hann eigi jus practicandi í Danmörku fyrir próf það, er hann hefur tekið við lækna skólann í Reykjavík, og að hið umbeðna leyfi til þess að mega eigi að síður fást við lækningar í Danmörku geti eigi orðið veitt honum fyrir áminnst próf hans í læknisfræði.

Þetta vil jeg, herra amtmaður, samkvæmt boði ráðgjafans hjermeð þjónustusamlega skora á yður að tilkynna hjeradslækni D. S. Thorsteinssyni.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 87
sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 6. 17. sept.
f. m. meðtekið umsögu hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshrepp um erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi 23. okt. f. á., þarsem áfrýjað er úrskurði yðar, 7. apríl f. á., viðvíkjandi endurgjaldi á meðlagsstyrk með Guðríði Gísladóttur, ásamt með eldri skjölum málsins, skal jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn ástæðu til, að breyta nefndum úrskurði yðar að neinu leyti, og ber því Seltjarnarnesshreppi tafarlaust að endurgjalda Vatnsleysustrandarhreppi þær 55 kr., sem um getur í úrskurðinum'.

1) Úrskurður amtmannsins um þetta efni, sem tilkynntur er sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. apríl f. á., er svohljóðandi:

Í erindi dagsettu 28. febrúar þ. á. hefur hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi skotið til amtsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 17. sept. f. á., en með þeim úrskurði er Seltjarnarnesshreppur

- 88 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
19. sept. lyfjaverzlun á Ísafirði. — Með þóknanlegu brjefi 5. p. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá hjeraðslækninum í 6. læknishjeraði, Þorvaldi Jónssyni þar sem hann, í tilefni af því að E. Möller, lyfsali í Stykkishólmi, er seztur að á Ísafirði til að stofna þar lyfjabúð samkvæmt allrahæstu leyfisbrjefi dags. 17. okt. f. á., gjörir fyrirspurn um það:
- 1, hvort Möller lyfsali eigi að lögum sje skyldur til að kaupa meðalabirgðir hans;
 - 2, hvort honum sje heimil meðalaverzlun á Ísafirði, fyrr en lyfjabúð hans er komin reglulega á fót;
 - 3, hvort hjeraðslækninum einsog á stendur, eigi sje heimilt að selja meðalabirgðir sínar, sem hann nú hefur, meðan þær endast, og
 - 4, hvort hjeraðslæknirinn geti eigi fengið bætur fyrir tjón það, er hann bíður af stofnun lyfjabúðarinnar og á hvern hátt.

skyldaður til að greiða Vatnsleysustrandarhreppi samtals 95 kr. sem endurgjald fyrir meðlagsstyrk, er lagður hafði verið af fátækra sjóði Vatnsleysustrandarhrepps til forsgunar Guðríði Gísladóttur, ómaga Seltjarnarnesshrepps.

Eptir skýrslum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin frá báðum málspörtum, og sem fylgdu með ádurnefndu brjefi hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi, eru málavextir þessir:

Eptir að gamalmennið Guðríður Gísladóttir hafði í nokkur ár dvalið hjá tengdasyni sínum Þorkeli Bjarnasyni í Nýjabæ í Vatnsleysustrandarhreppi, samdist svo milli Þorkels og hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi, þarsem Guðríður átti svelt, að Þorkell skyldi halda hana framvegis fyrir 60 kr. árlegt meðlag þannig, að hann sjálfur sem tengdasonur hennar legði til 20 kr., Gunnlaugur Jónsson, sonur heunar, vinnumaður í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi 20 kr. og sveitarsjóður Seltjarnarnesshrepps 20 kr. Þegar þessu hafði farið fram í 3 ár, og Þorkell fengið hinar umsömdu 40 kr. greiddar árlega frá Gunnlaugi mági sínum og sveitarsjóði Seltjarnarnesshrepps, tilkynnti Þorkell hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi vorið 1879, að hann ekki lengur gæti haldið tengdamóður sína fyrir minni árlega meðgjöf en 70 kr., og samdi hreppsnefndin þá við Þorkel um, að hann skyldi fá meðgjöf þessa fyrst um sinn í 1 ár, eða þangaðtil hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps gjörði aðra ráðstöfun, og skýrði jafnframt síðastnefndri hreppsnefnd frá þessum samningi með brjefi, dags. 12 júní 1879, en það brjef neitar hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps að hafa fengið. Var hið umsömda 70 kr. meðlag síðan greitt Þorkeli fyrir fardagaárið 1879/80 úr sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps, og eptir að Þorkell var andaður vorið 1880, kom hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps Guðríði fyrir á öðrum stad í hreppnum gegn 100 kr. ársmeðlagi; dvaldi Guðríður þar í 3 mánuði, þangaðtil hún var flutt fátækraflutningi á sveit sína, og var greitt úr sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps meðlag með henni fyrir þessa 3 mánuði með 25 kr. Þær samtals 95 kr., sem þannig hafa verið greiddar úr sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps sem meðlag með Guðríði Gísladóttur, hafið þjer úrskurðað, að sveitarsjóður Seltjarnarnesshrepps eigi að endurgjalda, en hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps heldur því fram, að með því að hinar umsömdu 40 kr. hafi verið greiddar til Þorkels fyrir fardagaárið 1879/80 að hálfu úr sveitarsjóði Seltjarnarnesshrepps og að hálfu frá Gunnlaugi Jónssyni, þá verði ekki gjört meira tilkall til Seltjarnarnesshrepps fyrir það ár, enda sje samningur hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi við Þorkel sjer óviðkomandi, en að því er snertir meðlag með Guðríði fyrir 3 fyrstu mánuði fardagaársins 1880/81, þá hefur hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps boðist til að endurgjalda hæfilegt meðlag með Guðríði fyrir þann tíma, en hæfilegt meðlag þykir henni vera hið sama, sem hún hefur greitt með Guðríði, síðan hún kom í Seltjarnarnesshrepp, en það er 60 kr. um árið, eða 15 kr. í 3 mánuði.

Að því er snertir meðlag það, sem greitt hefur verið með Guðríði Gísladóttur úr sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps fyrir fardagaárið 1879/80, þá ber þess að gæta, að með því að Guðríður var tengdamóðir Þorkels Bjarnasonar, þá bar honum að annast framferi hennar, en af því að hann ekki var svo efnuð búinn, að hann gæti annast tengdamóður sína að öllu leyti, þá hafði hann leitad til hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi, þar sem Guðríður var sveitlag, og hreppsnefndin lofad honum að greiða honum árlega úr sveitarsjóði 20 kr. styrk með Guðríði, og að annast um, að hann fengi

Útaf þessu og eptir að jeg hef meðtekið álit landlæknisins á Íslandi um mál- 88
efni þetta, skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið það er nú skal greina 19. sept.
til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

ad 1. Með því að engin ákvörðun er um það í leyfisbrjefinu frá 17. okt. f. á., um stofnun aukalyfjabúðar á Ísafirði, að Möller lyfsali skuli skyldur til að kaupa meðalabirgðir hjeradslæknisins þar, verður þessari spurning að svara neitandi.

ad 2. Með því að heimild Möllers lyfsala til lyfjaverzlunar á Ísafirði verður að byggjast á nýnefndu leyfisbrjefi, en leyfi það sem það veitir er bundið þeim skilyrðum, að hann hafi þar á boðstólum öll þau lyf, sem til eiga að vera á hverri aðallyfjabúð og fyrir verzluninni standi candidatus pharmaciæ, þá verður þessum skilyrðum að vera fullnægt áður en hann byrjar lyfjaverzlun á nefndum stað.

ad 3. Það virðist sanngjarnt og rjett, að hjeradslæknirinn, sem samkvæmt instruction 25. febr. 1824 er skyldur til að byrgja sig upp með nægilegum meðalabyrgðum, þangaðtil regluleg lyfjabúð er komin á fót, megi selja upp birgðir þessar meðan þær endast, einnig eptir að slík lyfjabúð er stofnuð, ef lyfsalinn ekki vill kaupa birgðirnar af honum.

ad 4. Með því að hjeradslækninum hefur eigi verið veittur neinn sjerstakur rjettur til lyfjasölu á Ísafirði, verður að svara þessari spurningu neitandi.

sama árlegan meðlagsstyrk frá Gunnlaugi syni hennar, og þennan 40 kr. styrk hafði hann fengið árlega í 3 ár, þegar hann bar sig upp við hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps um að fá meiri meðgjöf með tengdamóður sinni. Allt þetta var hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi kunnugt þegar hún samdi við Þorkel um að greiða honum 70 kr. meðlag úr sveitarsjóði með Guðríði fyrir fardagaárið 1879/80; hún mátti því búast við, að hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps mundi eins fyrir þetta fardagaár, eins og hin undanföru, greiða Þorkeli þá 40 kr. ársmeðgjöf sem þessi hreppsnefnd hafði samið um við hann, og hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps virðist þessvegna ekki hafa haft næga ástæðu til að greiða Þorkeli að fullu þær 70 kr. sem hún hafði heitið honum, nema því að eins að hún hefði vissu fyrir, að hann ekki fengi neitt frá Seltjarnarnesshreppi. Með því að það nú má álitast sannað, að Þorkeli hafi verið greiddar 40 kr. sem meðlagsstyrkur með Guðríði fyrir fardagaárið 1879/80 eptir ráðstöfun hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi og hreppsnefnd þessi hefur neitað að hafa meðtekið tilkynningu hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi um samning hennar við Þorkel, þá verður Seltjarnarnesshreppur ekki skyldaður til að endurgjalda Vatnsleysustrandarhreppi meira en 30 kr. af meðlagsstyrk þeim, sem Þorkeli var greiddur úr sveitarsjóði síðarnefnds hrepps fyrir optnefnt fardagaár, en þessar 30 kr. virðist sanngjarnt að Seltjarnarnesshreppur endurgjaldi, með því að 70 kr. árlegt meðlag með Guðríði ekki virðist ósanngjarnt, og svo er að sjá, sem ástæður Þorkels hafi þá verið orðnar svo bágar, að hann ekki hafi getað lagt neitt fram til framfæris tengdamóður sinni. — Þegar þá kemur til þeirra 25 kr., sem greiddar hafa verið Guðríði til framfæris úr sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps fyrir 3 fyrstu mánudi fardagaársins 1880/1, þá virðist ekki ástæða til að rengja þann framburð hreppsnefndarinnar þar, að hún ekki hafi getað komið Guðríði fyrir í hreppnum fyrir lægri meðgjöf, og þó að óþarflega langur dráttur kunni að hafa orðið á því, að flytja Guðríði fátækraflutningi á sveit sína, þá sýnist hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi ekki verða gefin sök á þessum drætti, svo að sveitarsjóðurinn eigi að missa tilkall til endurgjalds fyrir fje það, sem lagt hefur verið út úr honum fyrirfram fyrir sveitarómaga úr öðrum hreppi. Jeg verð því að vera yður samdóma um, að Seltjarnarnesshreppi beri að endurgjalda þessar 25 kr.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, vil jeg tjá yður herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og til birtingar, að úrskurði yðar í máli þessu 17. sept. f. á., skal breytt þannig, að Seltjarnarnesshreppur eigi að endurgjalda Vatnsleysustrandarhreppi auk hinna framboðnu 15 kr. enn fremur 40 kr. eða alls 55 kr. fyrir fyrirfram greiddan styrk úr sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps til framfæris gamalmenninu Guðríði Gísladóttur.